

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 16. febrúar 2024
UST202402-171/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029- Sandártunga

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Skeiða - og Gnúpverjahreppi er barst 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 fyrir Sandártungu.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreint verður nýtt efnistökusvæði með heimild fyrir allt að 200.000 m³ efnistöku á allt að 7 ha svæði, þar sem skógræktar- og landgræðslusvæðið SL17 minnkar sem því nemur.

Vatnaáætlun

Í kafla 3.3 er fjallað um vatnaáætlun, þau vatnshlot sem eiga í hlut og númer þeirra sem er fínt, en einnig þarf að fjalla um umhverfismarkmið þeirra. Auk þess þarf að yfirfara textann um ástand þeirra.

Fyrir Sandá¹ er vistfræðilegt markmið mjög gott og efnafræðilegt markmið gott. Vistfræðilegt ástand Sandár er metið mjög gott, en efnafræðilegt ástand fyrir ána er óþekkt. Einnig þarf að fjalla um umhverfismarkmið og ástand fyrir Þjórsá² og grunnvatnið Efri-Þjórsá³.

Svo þarf að meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotin og setja fram í umhverfismatsskýrslu með viðeigandi umhverfisviðmið og matsspurningum. Nái vatnshlot ekki umhverfismarkmiðum skal fara í aðgerðir til að draga úr álagi, leggja til mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmd til að tryggja gott ástand vatns.

Efnistakan sem slík virðist ekki vera í ánum, en Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka í ám getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki straumvatna. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, ber rekstraraðila að sjá til þess að vatnsgæðum vatnhlota hraki ekki vegna starfseminnar. Efnistaka úr vatnshlotum má ekki valda því að ástand vatnhlota rýrni samkvæmt vatnaáætlun. Fjarlæging á efni (set og mól)

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/wfdportal/#/waterbody/103-907-R>

² <https://vatnavefsja.vedur.is/wfdportal/#/waterbody/103-663-R>

³ <https://vatnavefsja.vedur.is/wfdportal/#/waterbody/103-211-G>

úr vatnshlotum getur haft neikvæð áhrif á lífríki bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að umferð vinnuvéla á svæðinu og í vatnshlotinu eykur hættu á mengunarslysum.

Umferð

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif tillögunnar á umferð, hávaða og loftgæði.

Áhrifasvæði friðlýstra svæða

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að notkun lands sem liggur að friðlýstum svæðum sem geti á einhvern hátt haft áhrif á þau. Í 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: *„Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“*

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur